

Fundargerð

Fundur í stjórn FÍSOS 17. október 2011 í Listasafni Íslands.

Mættir: Sigríður Melrós Ólafsdóttir, formaður, Bergsveinn Þórsson, Hildur A. Gunnarsdóttir, Jón Allansson og Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð. Á símafundi voru: Arndís Bergsdóttir og Haraldur Þór Egilsson.

1. Formaður setti fundinn kl. 12.30. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Stjórnin skipti með sér verkum: Varaformaður: Bergsveinn Þórsson, gjaldkeri: Jón Allansson, ritari: Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir og meðstjórnandi Hildur A. Gunnarsdóttir.
3. Framkvæmdastjóri FÍSOS: Skv. síðustu fundargerð þarf að setja saman samráðshóp varðandi ráðningu framkvæmdastjóra FÍSOS. Stungið var upp á eftirfarandi: Önnu Þorbjörgu Þorgrímsdóttur, Arndísi Bergsdóttur, Bergsveini Þórssyni, Guðný Dóru Gestsdóttur. Sigríður Melrós hefur samband við viðkomandi.
4. Gerð tillaga um að fulltrúi stjórnar FÍSOS í farskólanefnd 2012 verði Jón Allansson. Samþykkt.
5. Kynnt erindi frá Sigurjóni M. Baldurssyni um samstarf við FÍSOS í tengslum við námskeið sem áætlað er að halda á næsta ári. Samþykkt að greiða 60 þús. upp í flugfar fyrir fyrirlesarann sem kemur frá Bandaríkjunum og að safnamenn fengju frítt á námskeiðið. Einnig lögð áhersla á að fyrirlestrarnir yrðu settar á netið svo safnmenn sem ekki komast á námskeiðið geti nýtt sér þá að einhverju leyti.
6. Rætt um að gera breytingar á heimasíðu FÍSOS, meðal annars í þá veru að nýir meðlimir geti skráð sig þar. Ákveðið að ræða nánar á næsta fundi.
7. Samþykkt að fá Elfu Hlín Pétursdóttur til að hafa áfram umsjón með heimasíðunni.
8. Haraldur benti á að fjárveitingar skiluðu sér ekki í Safnasjóð. Samþykkt að gera ályktun varðandi þetta efni og senda á stjórn sjóðsins.
9. Lögð fram tillaga um að stofna hóp fyrir stjórn FÍSOS á Facebook . ÞÞ sjái um að stofna hópinn. Samþykkt.
10. Gerð tillaga um að næsti fundir stjórnar verði haldinn í Minjasafninu á Akranesi eftir um það bil mánuð. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 13.15